

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Ytra mat 2016



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
Védís Grönvold og Þórir Ólafsson

Ytra mat á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja 2016
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Védís Grönvold
Þórir Ólafsson
Forsíðumynd sótt á vef Fjölbrautaskóla Suðurnesja (fss.is)

Heildarniðurstöður

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er stór framhaldsskóli með sterk tengsl við sveitarfélög, atvinnulíf og grunnskóla á Suðurnesjum. Skólinn starfar eftir áfangakerfi og einkennist námsskipulag og námsframboð hans af fjölbreytni og sveigjanleika. Auk hefðbundinna námsbrauta í bók- og verknámi hefur skólinn þróað sérstakar námsbrautir sem taka mið af breiðum hópi nemenda og atvinnulífi á svæðinu.

Skólinn á sér skýra stefnu og framtíðarsýn sem markvisst er unnið að í skólastarfinu. Starfsmenn koma að stefnumótun skólans með margvíslegum hætti. Birt stefna á vef skólans er síðan 2009 og tímabært að uppfæra hana með hliðsjón af þróun og áherslum skólastarfs.

Sjálfsmat skólans er vel skilgreint, þar eru sett fram viðmið um árangur og unnið markvisst með niðurstöðum. Umbótavilji einkennir starfsemi skólans. Fylgst er með niðurstöðum námsmats og þær notaðar með virkum hætti til umbóta. Niðurstöður úr kennslukönnunum meðal nemenda, sem framkvæmdar eru samkvæmt skýru skipulagi, eru tengdar sjálfsmati kennara og notaðar til markvissrar starfsþróunar.

Skólinn er vel á veg kominn við skilgreiningu námsbrauta með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 en því þarf að ljúka. Huga þarf að tengingu áherslna aðalnámskrár 2011 við námsbrautir, áfanga og skólastarfið í heild.

Skólameistari nýtur mikils trausts og er sterkur leiðtogi. Vel var látið af stjórnun skólans og hefur það ítrekað verið staðfest í viðhorfakönnunum stéttarfélaga meðal starfsmanna skólans. Skipurit er í samræmi við verkaskiptingu og boðleiðir milli starfsmanna eru greiðar. Regluverk skólans er skýrt og nær til allra þátta. Viðurlög við brotum á reglum eru vel kynnt og þykja sanngjörn.

Starfsmannvelta er lítil. Samskipti starfsfólks eru opin og hreinskiptin og samstaða mikil. Kennarar skólans eru vel menntaðir, reynslumiklir og viljugir til nýbreytni í kennsluháttum. Þeir láta vel af því að starfa við skólann. Kennsla er fjölbreytt svo og námsmat. Vinnufriður og agi í kennslustundum er með ágætum að mati kennara og nemenda.

Vel er fylgst með líðan nemenda og unnið að því að aðstoða nemendur með sértæka námsörðugleika og þá sem eru félagslega einangraðir. Verið er að efla sérfræðipjónustu við nemendur til að draga úr brotthvarfi og hefur skólinn sett sér metnaðarfull markmið þar að lútandi þó brotthvarf sé ekki hátt á íslenskan mælikvarða.

Skólinn upplýsir foreldra reglulega um skólastarfið. Foreldrar eiga greiða leið að kennurum og öðrum starfsmönnum skólans með fyrirspurnir og annað er nám barna þeirra varðar. Foreldraráð hefur átt erfitt uppdráttar vegna áhugaleysis foreldra og huga verður að því að virkja foreldra sem hagsmunahóp til samstarfs við skólann.

Húsnæði skólans og allur aðbúnaður til kennslu er almennt góður og margt þar til fyrirmyndar. Húsnæðið er aðlaðandi og vel um gengið. Tækjakostur og aðstaða til mjög sérhæfðrar kennslu setur skýrt mark sitt á umhverfi skólastarfsins. Skólinn leggur áherslu á að stækka þurfi samkomu- og íverurými nemenda.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Inngangur	5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	7
Nemendur og nám.....	7
Árlegur kennslutími	11
Kennarar og annað starfsfólk	11
Niðurstöður ytra mats	12
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	13
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	13
1.2. Um stjórnendur	13
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	14
1.4. Um innra mat.....	14
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð.....	16
2.1. Um nám og kennslu.....	16
2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur	17
2.3. Um námsmat	17
2.4. Um kennara	17
2.5. Um námsgögn.....	18
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	19
3.1. Um skólabrag.....	19
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	19
3.3. Um félagslíf nemenda.....	20
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn.....	20
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	20
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	22
Þáttur 5: Lykilárangur	23
5.1. Um námsárangur	23
5.2. Um árangur í grunnþáttum	23
5.3. Um langtímaárangur.....	24
Viðaukar – Greinargerð matsmanna	25
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	25
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	29
Umfjöllun um samskipti og líðan.....	32
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað.....	34
Umfjöllun um lykilárangur.....	35
Heimildir og tilvísanir.....	37

Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um ytra mat á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS) í Reykjanesbæ sem fram fór á haustönn 2016. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Védísi Grönvold og Þóri Ólafsson sem matsmenn og eru þau jafnframt höfundar þessarar skýrslu. Þau hófu vinnu við matið í lok ágúst 2016.

Skýrslan hefst á tölulegum upplýsingum um starfsemi skólans. Í öðrum hluta er matslisti þar sem sjá má niðurstöður bæði skólans og matsmanna. Aftan við matslistana eru viðaukar þar sem finna má rök fyrir svörum matsmanna við spurningum í matslistum. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá þar sem gerð er grein fyrir þeim gögnum sem matsmenn studdust við.

Í júní 2016 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggist m.a. á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sett. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins. Þannig er ytra matinu að hluta til ætlað að sannreyna hvort niðurstöður skólans eigi við rök að styðjast.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu við ytra matið voru:

- **Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna.** Þar má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, fjarvistir nemenda og brotthvarf, forfallakennslu, brautskráningar, samninga og skýrslur.
- **Vefur skólans (fss.is).** Á vefinn voru sótt gögn er varða sýn skólans og stefnu, matsskýrslur, ársskýrslur, skipurit skólans og kennsluáætlanir einstakra námsáfanga.
- **Vettvangsheimsóknir.** Matsmenn gengu um skólann á kennslutíma bæði í fylgd skólameistara og án.
- **Aðstaða skólans skoðuð.** Litið var við í kennslustundum og rætt við nemendur og kennara.
- **Umræður í rýnihópum og samtöl við einstaklinga.** Valið var í rýnihópa nemenda, kennara og starfsmanna með stýrðu slembivali. Skólinn sá um að boða viðmælendur. Rætt var við hóp stjórnenda (skólameistara og áfangastjóra), tvo hópa kennara, tvo hópa annarra starfsmanna, tvo hópa nemenda, stjórn nemendafélagsins, foreldra og formann skólanefndar. Viðmælendur voru samtals um 50 og fóru bæði umræður rýnihópa og samtöl við einstaklinga fram í nóvember 2016.

Á grundvelli þessa fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má sjá í viðaukum skýrslunnar.

Matsmenn þakka öllum sem lögðu þeim lið við ytra mat á Fjölbautaskóla Suðurnesja. Margir komu að matinu og aðstoðuðu með ýmsum hætti svo sem við skipulagningu, boðun í viðtöl, með því að veita viðtöl eða taka þátt í starfi rýnihópa auk þess að leggja til margvísleg gögn og upplýsingar.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið starfræktur frá árinu 1976. Hann var stofnaður það ár af ríkinu í samstarfi við öll sveitarfélög á Suðurnesjum með samruna framhaldsdeildar Gagnfræðaskólans í Keflavík og Iðnskóla Suðurnesja. Í dag er skólinn rekinn af ríkinu og fimm sveitarfélögum á Suðurnesjum; Reykjanesbæ, Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum. Frá árinu 1992 hefur starfsemi skólans verið í húsnæði sem byggt var fyrir starfsemi hans við Sunnubraut í Reykjanesbæ en nýjasti hluti þess var tekinn í notkun árið 2004.

Markmið FS er að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins með sérstaka áherslu á gæði og fjölbreytt nám. Leitast er við að mæta breiðum hópi nemenda á Suðurnesjum með því að bjóða margs konar og mislangar námsleiðir. Lögð er áhersla á fjölbreytni í námsleiðum og námslokum. Í skólanum er unnt að stunda nám til undirbúnings fyrir frekara nám, til undirbúnings fyrir sérhæfð störf og til almennrar þátttöku í daglegu lífi og störfum. Skólinn leitast því við að vera í góðu sambandi við grunnskóla og atvinnulíf á svæðinu. Mikið er lagt upp úr því að mæta þörfum ólíkra einstaklinga með hliðsjón af niðurstöðum mats og úttekta.

FS skilaði drögum að nýjum skólasamningi og viðauka við hann til mennta- og menningarmálaráðuneytis í desember síðastliðnum. Stefnt var að gildistöku hans frá 1. janúar 2016 en ennþá er beðið eftir að hann verði tekinn til afgreiðslu í ráðuneytinu. Gildistími eldri skólasamnings var til 2014 og er því unnið eftir þeim áherslum sem fram koma í drögunum. Áherslur skólasamningsins eru í samræmi við markmið skólans en í viðauka er fjallað um fjóra þætti sem leggja á sérstaka áherslu á. Það er að:

- 1) vera fyrirmyndarstofnun þar sem eftirsóknarvert er að vinna og stunda nám,
- 2) þróa skólanámskrá í samræmi við gildandi aðalnámskrá,
- 3) efla stuðning og aðhald með nemendum og
- 4) viðhalda samstarfi og samvinnu við menntastofnanir á svæðinu sem og fyrirtæki og sveitarfélög.

Nemendur og nám

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á fjölbreytt nám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Boðið er upp á þrjár ólíkar leiðir til bóknáms, verknám í ákveðnum iðngreinum og nokkra valkosti til starfsnáms. Námsbrautir til stúdentsprófs hafa verið skilgreindar í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og hófst kennsla eftir því skipulagi á haustönn 2015. Einnig er búið að skilgreina starfsbraut, sjúkraliðabraut og netagerðabraut með sama hætti og þrjár brautir til viðbótar bíða staðfestingar ráðuneytis. Hluti nemenda stundar enn nám til skv. eldri námskrá sem verður aflögð er þeir ljúka námi. Hliðstætt nám er því tímabundið kennt samkvæmt tveimur kerfum með aukinni fyrirhöfn og álagi á skólastarfið.

Bóknám

Undir bóknám fellur nám til stúdentsprófs, nám á almennum brautum og starfsbraut. Nemendur sem hyggja á stúdentspróf gátu frá árinu 2015 valið á milli félagsvísindabrautar, fjölgreinabrautar og raunvísindabrautar. Þessar brautir eru allar skipulagðar með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 þar sem tekið er mið af f-einingum. Einnig býður skólinn upp á viðbótarnám til stúdentsprófs, hraðferðarlínu og afreksíþróttalínu auk þess sem nemendum í 10. bekk grunnskóla stendur til boða að stunda nám í tilteknum áföngum skólans.

Nám á almennum brautum er ætlað nemendum sem ekki uppfylla inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir. Námið er tvær til fjórar annir og hægt er að velja á milli fjögurra námsleiða; íþrótt- og heilbrigðislínu, listnámslínu, verknámslínu og bóknámslínu.

Við skólann er starfrækt starfsbraut sem einkum er ætluð fötluðum nemendum (sbr. 2. gr.laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra) sem ekki hafa forsendur til að stunda nám á öðrum námsbrautum. Viðfangsefnin eru fjölbreytt en nemendur vinna eftir einstaklingsnámskrám, jafnan í fámennum hópum.

Verknám

Í boði er að stunda verknám í sjö iðngreinum við skólann. Í sumum tilfellum er aðeins unnt að stunda grunnnám iðngreinar í FS en til að ljúka náminu þarf að leita annað. Við skólann gefst kostur á að ljúka námi í húsasmíði, netagerð, rafvirkjun og vélstjórn (A- og B-stig) en namar í grunnnámi bíliðngreina, hársnyrtiiðn og málmiðngreinum geta hafið sitt nám í FS og lokið því í öðrum skólum. Netagerð hefur þá sérstöðu að hún er einungis kennd í FS. Nemendur geta einnig hafið nám á iðnbraut sem er eins árs námsbraut ætluð þeim sem hyggja á verknám en uppfylla ekki inntökuskilyrði eða hafa ekki valið braut.

Starfsnám

Nemendum í FS stendur til boða fjölbreytt starfsnám. Það getur verið grunnur fyrir frekara nám eða störf á tilteknu sviði. Unnt er að velja tveggja ára starfsnám á eftirtöldum brautum: ferðaþjónustubraut, heilbrigðis- og félagsþjónustubraut, öryggis- og björgunarbraut (áður löggæslu- og björgunarbraut) og tölvuþjónustubraut. Annað starfsnám er að jafnaði þrjú til þrjú og hálf ár en undir það fellur listnámsbraut, sjúkraliðabraut og tölvufræðibraut.

Skipting á námsbrautir

Nemendur í FS á haustönn 2016 voru alls 1127. Í töflu 1 má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir eftir kyni. Stærsti hluti nemenda stundar nám til stúdentsprófs og eru töluvert fleiri konur en karlar í þeim hópi. Það verknám sem skólinn býður upp á virðist höfða mun meira til karla en kvenna, af þeim sem stunda verknám er aðeins 1% konur.

Tafla 1. Skipting nemenda á námsbrautir haust 2016				
Námsbrautir	kk	kvk	kk	kvk
Almennar brautir	78	53	14%	12%
Starfsbraut	29	18	5%	4%
Starfsnám	110	65	20%	15%
Stutt starfsnám (2 ár)	26	28	5%	6%
Stúdentsbrautir	197	275	36%	62%
Verknám	103	5	19%	1%
Alls	543	444	100%	100%
10. bekkur	60	66	48%	52%
Netagerð	14	0	100%	
Alls	617	510	55%	45%


Námshópar

Meðalstærð námshópa er mismunandi eftir námsbrautum. Allir hópar eru stofnaðir í INNU (upplýsingakerfi framhaldsskóla) við upphaf annar en í sumum tilfellum eru hópar sameinaðir þegar kennsla er hafin. Eftirfarandi meðaltöl eru reiknuð út frá því hversu fjölmennir hóparnir voru þegar þeir voru stofnaðir. Á málsviði var meðalfjöldi nemenda í hóp 22, á félagsvísindasviði 23, á raungreinasviði 19 og á tæknisviði 10. Haustið 2016 voru nemendur í námshópum starfsbrautar frá einum til tuttugu.

Skólaárið 2015-2016 voru 190 nemendur í skólanum með lesblindugreiningu eða um 20% þeirra. Nemendur með ADHD eða ADD voru 46 haustið 2016, auk þess sem margir nemendur á starfsbraut eru með ADHD eða ADD greiningu.

Umsækjendur

Umsækjendur um skólavist á tímabilinu 2012 til 2016 hafa að meðaltali verið um 240 á ári eins og sjá má á mynd 1. Haustið 2016 voru innritaðir nemendur 254 og athygli vekur að þar af voru einungis 99 konur en það endurspeglar kynsamsetningu árgangsins á svæðinu. Skólinn leitast við að taka á móti öllum umsækjendum 18 ára og yngri sem óska eftir skólavist og öðrum umsækjendum eftir því sem við verður komið. Lang stærstur hluti þeirra nemenda sem útskrifast úr grunnskólunum á svæðinu og sækir um skólavist í framhaldsskóla sækir um í FS. Flestir dagskólanemenda eiga lögheimili á Suðurnesjum. Í Reykjanesbæ búa um 70% nemenda og 27% í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum.



Skólinn hefur lengi leitað leiða til að draga úr brotthvarfi og er yfirstandandi skólaár þar engin undantekning. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti skólanum sérstakan styrk vegna verkefna sem nú er unnið að og hafa það að markmiði að draga úr brotthvarfi. Stefna skólans er að brotthvarf verði undir 9% árið 2018 og undir 10% fram að því. Á vorönn 2015 var brotthvarf 10,3% og vorið 2016 var það 6,5%.

Nemendur skólans hafa verið um 1000 undanfarin ár. Haustið 2016 voru dagskólanemendur 987 og fjarnámsnemendur 14 auk þess sem stór hópur nemenda í 10. bekk stundar einingabært nám í FS samhliða námi í grunnskóla en þeir voru 126 haustið 2016.

Brautskráningar

Nemendur FS eru brautskráðir af mismunandi námsbrautum og er námstími breytilegur bæði eftir brautum og námsframvindu nemenda. Brautskráningar fara fram í lok bæði haust- og vorannar. Í töflu 2 má sjá að flestir brautskrást með stúdentspróf af bóknámsbrautum.

Tafla 2. Brautskráningar, haust 2012 - vor 2016.

Tegund náms	2012H	2013	2014	2015	2016V	Fjöldi nem. alls	Hlutfall af heildarfj. nem.
Stúdentspróf, bóknám	60	117	91	83	43	394	57,8%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	18	15	11	14	60	8,8%
Verknám/iðnnám	8	31	25	29	7	100	14,7%
Annað starfsnám	3	25	19	14	15	76	11,1%
Framhaldsskólabraut	3	2	6	4	1	16	2,3%
Starfsbraut		7	10	10	9	36	5,3%

Árlegur kennslutími

Skólaárið 2015-2016 voru kennsludagar 152 og prófdagar 25 eða alls 177. Aðrir vinnudagar kennara á því skólaári voru níu. Á vorönn 2016 fór fram forfallakennsla fyrir þá kennara sem voru í veikindaleyfi í 3 – 6 vikur. Styttri veikindi og leyfi þar sem kennsla féll niður námu alls 704 tímum. Á vorönn 2016 féll kennsla því niður í 3,6% kennslustunda vegna forfalla kennara.

Kennarar og annað starfsfólk

Starfsmenn FS eru alls 99, 48 karlar og 51 kona. Við kennslu starfa 69 einstaklingar, af þeim eru 63 með kennsluréttindi. Í starfsliði skólans eru 24 með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda, 28 með BA/BS-próf auk kennsluréttinda og 11 með aðra menntun auk kennsluréttinda eins og sjá má í töflu 3. Meðalstarfsaldur kennara við skólann er 14 ár en einn kennari við skólann hefur unnið við hann frá upphafi eða í 40 ár.

Tafla 3. Fjöldi kennara og menntun	
Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	0
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	24
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	28
Önnur menntun auk kennsluréttinda	11
Háskólapróf án kennsluréttinda	5
Önnur menntun án kennsluréttinda	1
Alls	69

Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum fyrir matsmenn. Þar er að finna ákvæði um gögn og aðferðarfræði matsins, einkunnagjöf og frágang matsskýrslu. Einnig eru þar settir fram fimm þættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólastarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Greindir eru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar í skólastarfinu og einkunnir gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Vísbendingar sem metnar eru til einkunna eru alls 78. Við matið skal taka mið af eftirfarandi fjögurra bila kvarða:

(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár

(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá

(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skóli hefur sjálfur í aðdraganda ytra mats metið stöðu sína með sömu viðmiðum og vísbendingum og matsmenn nota. Ytra matinu er að hluta ætlað að sannreyna sjálfsmat skólans. Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að mat skólans er merkt „S“ og ytra mat matsmanna er merkt „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit. Matsmenn leggja ekki mat á fullyrðingar númer 70, 71, 72, 73, 74, 75 og 77 en í viðauka er gerð nánari grein fyrir því.

Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		SM		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	M	S		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		SM		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.			SM	

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	M	S		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	S M			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S M			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			S M	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	S M			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		SM		

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megri raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	M	S		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.		SM		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		SM		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		SM		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		SM		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.		SM		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	SM			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		SM		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		SM		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.		SM		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.		SM		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		SM		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.			SM	
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		SM		

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	SM			
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S	M		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	SM			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfra félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		SM		

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.		SM		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		SM		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			SM	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		SM		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			SM	

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.			S	M
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		SM		

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		SM		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttastaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.			SM	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuáðstöðu í húsnæði skólans.		SM		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		SM		

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.			SM	
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		SM		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		S		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		S		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		S		
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		S		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		S		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.			S	

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.		S	M	
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		S		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundavallar við ytra mat á Fjölbrautaskóla Suðurnesja haustið 2016. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Í stefnu skólans er lögð skýr áhersla á fjölbreytt námsframboð þar sem tekið er mið af getu og áhuga hvers og eins. Auk þess leggur skólinn áherslu á gæði skólastarfsins. Stefna skólans tekur mið af umhverfi hans en skólinn veitir öllum umsækjendum 18 ára og yngri af hans svæði skólavist svo og öðrum umsækjendum eftir því sem við verður komið. Áhersla skólans á fjölbreytni og að mæta nemendum með ólíkar þarfir og áhugasvið kemur skýrt fram í öllu starfi skólans og viðhorfum starfsfólks. Í skólanum er góð aðstaða fyrir margar og ólíkar námsbrautir og ljóst að metnaður hefur verið lagður í að hafa aðbúnað til náms allan sem bestan.

Það markvissa starf sem unnið er í skólanum og ætlað er að auka gæði var ekki efst í hugum viðmælenda þegar spurt var um áherslur skólans. Hins vegar þekkja allir gæðastarfið þótt ekki sjái allir ástæðu til að nefna það sérstaklega af fyrra bragði. Þetta má túlka sem svo að gæðastarfið, sem á sér langa sögu í skólanum, sé í hugum starfsfólks órjúfanlegur hluti af skólastarfinu en ekki sérstakt verkefni.

Við skólann starfar matsnefnd sem í eru kennarar og stjórnandi. Nefndin hefur umsjón með sjálfsmatsvinnu skólans og sér um að leggja fyrir kennslumat og aðrar kannanir eftir því sem við á, vinna úr niðurstöðum og leggja til aðgerðir til úrbóta auk þess að skoða hvað hefur áunnist frá fyrra ári. Nefndin skilar árlega skýrslu um störf sín. Í skýrslunum má sjá að gæðastarf skólans er markvíst, skipulagt og í samræmi við stefnuna. Á vef skólans má finna töflu sem sýnir hvaða þættir í starfi skólans hafa verið metnir og fyrirhugað er að meta haust og vor 2015 til 2017 samkvæmt matskerfi skólans. Vissir þættir eru metnir á hverri önn s.s. dreifing einkunna og brottfall, valdir þættir eru metnir árlega, eins og líðan nemenda og svo eru aðrir þættir sem meta á einu sinni á þessu þriggja ára tímabili. Vorið 2016 stóð til að gera könnun á móttöku nýrra kennara en því var frestað vegna lítillar starfsmannaveltu og haustið

2016 stóð til að meta líðan allra kennara en því var frestað þar sem jákvæðar upplýsingar um þennan þátt fengust úr niðurstöðum könnunar SFR.

Þar sem hætt hefur verið við tvær kannanir gefur það vísbendingar um að þörf sé á að endurskoða áætlunina í heild og ræða hvað er mikilvægt að kanna og hvers vegna. Sjálfsmatið mætti einnig bæta með fjölbreyttari gagnaöflun og í því samhengi auka aðkomu nemenda og foreldra. Það er brýnt að auka aðkomu foreldra að sjálfsmatinu sem og öðrum þáttum skólustarfsins sem tengjast stefnumótun, stjórnun og skipulagi.

Fleiri þættir en þeir sem fram koma í sjálfsmatskýrslunni voru metnir með markvissum hætti og hefði hugsanlega mátt tengja þá við kerfisbundið sjálfsmat skólans. Má þar til dæmis nefna breytingar á stoðtímum en í rýnihópunum var sagt frá matsferli sem fram fór áður en sú breyting var gerð. Einnig ræddu bæði stjórnendur og kennarar um áhrif fækkunar námsára til stúdentsprófs úr fjórum í þrjú á vinnutíma nemenda og undirbúning mats á umfangi vinnu þeirra að baki hverri f-einingu. Það er hugsanlega til marks um hve margt er skoðað, vegið og metið í skólanum að ekki er talin ástæða til að geta þessa sérstaklega sem hluta af sjálfsmati skólans.

Starfsfólk skólans og nemendur telja sig hafa áhrif á stefnu skólans og áætlanir og segjast fá tækifæri til að tjá sig um kosti og galla að einhverju marki. Dæmi um þetta er fyrrnefnd breyting á fyrirkomulagi stoðtíma. Sú breyting hafði nokkur áhrif á skipulag skólans og starfsemi. Allir höfðu skoðun á þessu og flestir töldu sig hafa fengið svigrúm til að koma sínum skoðunum á framfæri. Sá hagsmunahópur sem ekki hefur aðkomu að ákvörðunum sem þessum eru foreldrar. Ljóst er að auka þarf aðkomu foreldra að þeim þætti en um leið þarf að hafa í huga að foreldrar hafa sýnt takmarkaðan áhuga á þátttöku. Margir foreldrar eru í virku samstarfi við skólann í tengslum við nám sinna barna en það nær ekki til þátta sem lúta að starfsemi skólans í víðara samhengi. Leita þarf allra leiða til að fá foreldra til þátttöku í skólustarfinu. Í rýnihópi með starfsfólki kom fram að fyrrum nemendur vinna nú að stofnun hollvínafélags skólans. Einhverjir veltu því upp hvort hugsanlega yrði hægt að nýta það afl sem þar yrði til í að auka virkni foreldra í stefnumótun og öðrum hagsmunamálum skólans.

Nýjasti samþykkti skólasamningur FS er frá því 2013-2014. Fyrirliggjandi eru drög sem send voru mennta- og menningarmálaráðuneytinu í desember 2015 en ekki hafa verið samþykkt. Nauðsynlegt er að ganga frá skólasamningi sem allra fyrst. Drögin eru hluti þeirra gagna sem unnið var með í tengslum við ytra matið en staða þeirra er óljós þar sem ráðuneytið hefur ekki samþykkt þau. Þær áherslur sem þar koma fram eru í samræmi við stefnu skólans og í raun er unnið að þeim markmiðum sem þar koma fram. Samkvæmt drögum að viðauka með skólasamningi hyggst skólinn leggja áherslu á fjóra skilgreinda þætti frá 2016 til 2020. Hér á eftir má sjá efnisatriði þeirra og umfjöllun um framkvæmd:

1. Vera fyrirmyndarstofnun þar sem eftirsóknarvert er að vinna og stunda nám.

Árin 2015 og 2016 var FS í öðru sæti í vali SFR á fyrirmyndarstofnun sem vissulega er einn mælikvarði á líðan starfsfólks á vinnustað. Meðalstarfsaldur við skólann er 14 ár sem einnig gæti bent til þess að það sé eftirsóknarvert að starfa við skólann. Það er því óhætt að segja að skólinn sé á réttri braut í þessu samhengi. Skólinn er eftirsóttur ef horft er til þess hve hátt hlutfall nemenda sem ljúka grunnskólanámi í grunnskólum á Suðurnesjum sækja um skólavist í FS en hins vegar er brotthvarf meira en skólanum þykir ásættanlegt og er nú unnið markvisst að úrbótum á því.

2. *Þróa skólanámskrá í samræmi við gildandi aðalnámskrá.*

Skólinn lítur á vef skólans sem sína skólanámskrá og þar má sjá að ýmislegt hefur þegar verið unnið sem tengist aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011, svo sem nýjar námsbrautalýsingar og nýjar áfangalýsingar. Eitt af því sem tengist aðalnámskránni frá 2011 og sérstaklega var skoðað við ytra matið voru tengsl við grunnþætti og þar er ýmislegt óunnið.

3. *Efla stuðning og aðhald með nemendum.*

Í tengslum við þessa áherslu fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vorið 2016 til að draga úr brotthvarfi. Styrkurinn er á þessu skólaári nýttur til að greiða starfsmanni í 50% starfi fyrir að vinna sérstaklega með nemendum í brotthvarfshættu. Einnig var ráðinn sálfræðingur í 50% starf til að nemendur hefðu aðgang að sálfræðingi innan skólans.

4. *Viðhalda samstarfi og samvinnu við menntastofnanir á svæðinu sem og fyrirtæki og sveitarfélög.*

Skólinn á í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fisktækniskólann, grunnskólana á svæðinu og sveitarfélögin sem að þeim standa. Samstarf skólans við fyrirtæki á Suðurnesjum er með skipulegum hætti.

Það sem má að stefnu skólans finna er að á vef hans kom fram að skólastefnan hafi ekki verið endurskoðuð frá því árið 2009. Hana þarf að endurskoða með hliðsjón af þeim áherslum sem fram koma í nýrri aðalnámskrá. Því tengd er sú vinna sem þarf að fara fram og snýr að tengingu grunnþátta menntunar í aðalnámskránni og tengslum þeirra við stefnu skólans. Skýra tengingu vantar í skrifleg gögn um stefnu og markmið skólans í því efni. Sú tenging sem nú má finna er ekki markvisst sett í samhengi við áherslur gildandi aðalnámskrár. Eins þarf að skoða tengsl stefnunnar við verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli“. Í viðtölunum kom fram að sú stefna skólans að leggja áherslu á hollan mat í mötuneytinu ætti rætur í verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli“ en að öðru leyti var lítið á það minnst. Í ársskýrslu fyrir árið 2015 segir að heldur hafi fjarað undan verkefninu innan skólans.

Samhljómur var í starfsmannahópnum þegar rætt var um skólameistara FS. Hann gegnir skýru faglegu leiðtoga hlutverki og nýtur trausts meðal starfsfólks. Margt jákvætt kom fram í viðtölum um stjórnunarhætti hans og mörg dæmi voru nefnd um hæfni hans sem stjórnanda, var meðal annars mælt með því að hann yrði fenginn til að leiðbeina öðrum stjórnendum um fyrirmyndarstarfshætti. Sterk staða skólameistara hefur jafnframt verið undirstrikuð í könnun SFR sem tengist vali á fyrirmyndarstofnun í flokki stærstu ríkisstofnana en þar hefur skólinn náð öðru sæti tvö ár í röð.

Aðstoðarskólameistari fékk einnig jákvæða umsögn frá starfsfólki. Starfsfólk ber almennt traust til stjórnenda og stjórnendur virðast vinna markvisst að því að skapa slíkt traust, sérstaklega skólameistari og aðstoðarskólameistari. Einnig voru aðilar sammála um að aðgengi að skólameistara og aðstoðarskólameistara væri til fyrirmyndar. Samstarf skólameistara við aðra stjórnendur er í skýrum farvegi. Vikulega fundar hann með aðstoðarskólameistara, áfangastjórum, sviðsstjórum og bókasafnsfræðingi um daglegan rekstur skólans og stefnumótun. Í framhaldi er upplýsingum miðlað til alls starfsfólks. Vinnulag við stjórnun skólans skilar sér í flæði upplýsinga og markvissri vinnu allra starfsmanna að helstu markmiðum skólans. Vinnuferlar skólans styðja ábyrgð millistjórnenda. Ýmis dæmi

mætti nefna um þetta svo sem hvernig allir virðast leggjast á eitt um að láta nemendum líða vel og aðstoða nemendur við að finna þá námsleið sem hentað gæti hverjum og einum.

Styrkleikar

- Framtíðarsýn skólans er skýr með áherslu á fjölbreytni og gæði.
- Í starfi skólans má finna ýmis dæmi um markvissa vinnu í átt að framtíðarsýn og áherslum skólans.
- Metnaður er lagður í að þróa skólastarfið með hliðsjón af því umhverfi sem hann starfar í.
- Skólameistari er sterkur leiðtogi sem nýtur bæði trausts og virðingar.
- Stjórnendur leiða markvissa skólaþróun sem tekur mið af stefnu skólans.
- Allt starfsfólk vinnur í sameiningu að markmiðum skólans með skýra áherslu á að fjölbreytt námstækifæri komi nemendum til góða.
- Starfsfólk tekur þátt í ýmsum verkefnum sem snúa að stefnumótun.
- Markvisst er fylgst með líðan nemenda og brugðist við niðurstöðum.
- Í skólanum er sveigjanleiki til að mæta mismunandi aðstæðum sem skapast í samfélaginu.
- Verklagsreglur eru skýrar.
- Sjálfsmat skólans er að mestu vel skilgreint, sett eru fram viðmið um árangur og unnið markvisst með niðurstöður.

Tækifæri til umbóta

- Auka þarf aðkomu foreldra að stefnumótun og matsstarfi skólans.
- Nemendur mætti virkja enn frekar til þátttöku í matsstarfi, þróun skólastarfsins og stefnumótun.
- Stefnu skólans þarf að uppfæra á vef skólans.
- Tengja þarf stefnu skólans með markvissum hætti við þær áherslur sem fram koma í aðalnámskrá frá 2011, svo sem grunnþættina sex.
- Eftirlit með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum þarf að setja í skýrari farveg.
- Koma á skólasamningi.
- Endurskoða áætlun um sjálfsmat.
- Taka þarf ákvörðun um framhald verkefnisins „Heilsueflandi framhaldsskóli“.

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Við Fjölbrotaskóla Suðurnesja starfa vel menntaðir, áhugasamir og reynslumiklir kennarar sem leitast við að mæta fjölbreyttum hópi nemenda. Starfsandi í skólanum er góður, samvinna góð í kennarahópnum og lögð er áhersla á að taka vel á móti og styðja nýja kennara. Í samræmi við áherslur skólans á fjölbreytni eru kennarar hvattir til hvers konar nýbreytni í starfi. Skólinn er í sífelldri leit að leiðum til að koma til móts við þann breiða hóp sem stundar nám við skólann. Skólinn hefur fengið til sín fyrirlesara í samræmi við áherslur skólans og markmið en telur að gera megi mun betur þegar kemur að endurmenntun kennara. Stjórnendur leitast við að hafa fundi þannig að kennararnir fái svigrúm til að tala saman og skiptast á skoðunum í litlum hópum. Fram kom sú skoðun að hugsanlega mætti nýta góðan starfsanda til að þróa kennsluna með markvissu og skipulögðu samstarfi kennara. Í tengslum við þróun skólastarfs hefur FS einnig um langa hríð átt skipulagt samstarf við Fjölbrotaskóla Vesturlands og Fjölbrotaskóla Suðurlands sem meðal annars felst í því að kennarar skólanna hittast og bera saman bækur sínar.

Fjölbreytni nemendahópsins kallar á fjölbreytta kennsluhætti en kennararnir töldu að lengi mætti gera betur í þeim efnum. Til að ýta undir fjölbreytni kennsluhátta hafa í skólanum verið haldin námskeið þar sem lögð hefur verið áhersla á þennan þátt. Bent var á að endurskoðun á framsetningu áfanganalýsinga og kennsluáætlana með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011, og skilgreining á þekkingu-, leikni- og hæfniviðmiðum, hafi í einhverjum tilfellum orðið til þess að kennarar urðu að fara nýjar leiðir í kennslu.

Kennsluáætlanir eru birtar á vef skólans og í þeim eru settar fram upplýsingar um námsmat og námsmatskvarða eftir því sem við á og verður ekki annað séð en þær upplýsingar séu skýrar. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að fyrir liggur að skoða þurfi sérstaklega námskröfur í þriggja ára náminu með hliðsjón af vinnuálagi nemenda og skilgreiningu f-eininga fyrir áfanga í nýja kerfinu. Einnig á að skoða umfang og fjölda skyndiprófa sem nemendur eru látnir þreyta.

Í lok annar er sett saman yfirlit yfir einkunnir allra áfanga skipt eftir deildum. Kennarar fá yfirlit yfir þá námshópa sem þeir hafa kennt þar sem fram koma upplýsingar um brotthvarf, einkunnir, mætingu nemenda og fleira. Hver deild skoðar síðan sérstaklega þá áfanga sem virðast skera sig úr þegar kemur að

Þessum þáttum. Síðastliðið vor voru hannaðir verkferlar fyrir stjórnendur og kennara sem ætlað er að bæta úrvinnslu úr þessum upplýsingum til hagsbóta fyrir bæði nemendur og kennara.

Kannað er samræmi milli þeirra einkunna sem nemendur fá við lok grunnskóla og einkunna úr fyrstu áföngum sem nýnemar ljúka í skólanum. Með því er leitast við að meta hvort nemendum hafi verið raðað í heppilegustu áfangana við innritun en eftir að hætt var að taka mið af niðurstöðum samræmdra prófa hefur það reynst erfiðara.

Í könnun á kennslu, sem lögð er fyrir hluta nemenda á hverri önn, er m.a. leitast við að meta skipulag kennslustunda og nýtingu kennslutíma. Viðkomandi kennarar fá að sjá niðurstöður mats nemendanna þegar þeir hafa skilað skólameistara sjálfsmati sem lýtur að sömu atriðum og nemendur meta. Niðurstöðurnar eru síðan teknar fyrir í starfsmannasamtali. Þetta verklag felur í sér skýr skilaboð um áherslur skólans á þessa þætti að mati matsmanna.

Almennt voru viðmælendur sammála um að góður vinnufriður ríkti í kennslustundum þannig að nemendur ættu að hafa svigrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Niðurstöður könnunar skólans á kennslu styðja þessa skoðun. Eitt af því sem nefnt var í tengslum við kennsluhætti og þátttöku nemenda í kennslustundum var notkun síma. Að jafnaði var símanotkun talin hafa neikvæð áhrif á þátttöku nemenda í kennslustundum og hafa kennarar brugðist við með því að setja í kennsluáætlanir skýrar reglur um símanotkun. Það felur líka í sér skýr skilaboð til nemenda um aga í kennslustundum.

Í FS er öflug stoðþjónusta með skýra verkaskiptingu sem vel er látið af. Skólinn fékk á yfirstandandi skólaári styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að vinna á móti brotthvarfi nemenda. Sá styrkur er nú nýttur í að greiða starfsmanni sem sérstaklega vinnur með nemendum sem taldir eru í brotthvarfshættu og sálfræðingi sem einnig kemur að brotthvarfsmálum.

Í fjölmönnum skóla þar sem námstækifæri eru jafn fjölbreytt og í FS getur það vafist fyrir nemendum og foreldrum að finna þau námstækifæri sem best henta hverjum og einum. Það er því mikilvægt að bæði starfsfólk stoðþjónustunnar og kennararnir sjái það sem eitt af hlutverkum sínum að aðstoða nemendur við að finna nám við hæfi innan skólans.

Í samtölum við nemendur og kennara kom fram að námsumsjónarkerfi skólans nota flestir. Nemendur sögðu það mismunandi hvernig kennarar nýttu kerfið og hve mikið.

Styrkleikar

- Við skólann starfa vel menntaðir, áhugasamir og reynslumiklir kennarar.
- Sérstök áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat.
- Kennsluáðferðir eru fjölbreyttar.
- Góður vinnuandi ríkir í kennslustundum.
- Kennslustundir eru vel nýttar og skipulag þeirra gott að mati nemenda.
- Leitast er við að mæta ólíkum hópum nemenda og þörfum einstaka nemenda.
- Aðstoð við nemendur í brotthvarfshættu hefur verið aukin og vonandi verður hægt að draga lærdóm af því verkefni.
- Markvisst er unnið með niðurstöður námsmats í fjölþættum tilgangi.
- Skólasafn, námsgögn og búnaður eru til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að þjálfa frekar gagnrýna hugsun nemenda og hæfni þeirra til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Leggja þarf áherslu á að tengja grunnþætti menntunar við skólastarfið og stefnu skólans.
- Skoða þarf hvort upplýsa eigi nemendur um niðurstöður kennslukönnunar og úrbætur sem verða í kjölfarið til að þeir sjái sér hag í þáttökunni.
- Skoða mætti hvort ástæða er til að leggja kennslumatið fyrir fyrir svo bæta megi kennslu í yfirstandandi áfanga.
- Auka þarf þátttöku kennara í endurmenntun.
- Bregðast þarf við athugasemdum nemenda um mismunandi notkun kennara á námssumsjónarkerfi skólans.

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er lögð rík áhersla á að bæði starfsfólki og nemendum líði vel. Starfsmenn sem rætt var við áttu opin og hreinskiptin samskipt í rýnihópunum. Þeir sögðu sér líða vel í vinnunni og skilgreindu sumir skólann sem fjölskylduvænan vinnustað. Þetta viðhorf endurspeglast í vali SFR á fyrirmyndarstofnun þar sem skólinn hefur í tvígang náð öðru sæti. Einnig er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum kennurum.

Nemendum í FS líður almennt vel í skólanum og í skólastofum ríkir góður andi. Líðan nemenda er könnuð með spurningalista einu sinni á ári, í reglubundnum kennslukönnunum og með sérstakri könnun um brotthvarfshættu. Ýmis verkefni hafa verið og eru í gangi til að hlúa að nemendum. Eitt slíkt er „Vinaverkefnið“ en markmið þess er að leita uppi þá nemendur sem eru einir og finna þeim félagsskap. Allt starfsfólk er virkjað til þátttöku sem felst í því að leita uppi nemendur sem eru oft einir og bjóða þeim að taka þátt í verkefninu.

Samskipti nemenda og starfsfólks eru góð og einkennast af jákvæðni og virðingu. Kennarar, námsráðgjafar og fleira starfsfólk sem kemur að málum nemenda leitast við að hjálpa nemendum að finna það nám sem best hentar hverjum og einum m.a. til að viðhalda ánægju nemenda. Skýrar reglur ríkja í skólanum og lögð er áhersla á að fylgja þeim.

Nemendafélag FS býður upp á fjölbreytta viðburði fyrir nemendur. Stjórn nemendafélagsins (nemendaráð) sér um daglegan rekstur og hefur umsjón með öllu sem gerist á þess vegum. Auk þess er nemendafélagið málsvari nemenda gagnvart yfirvöldum skólans og gætir réttar þeirra með setu í skólaráði og á áheyrnafulltrúa í skólanefnd. Félagslíf skólans ræðst nokkuð af því hvaða nemendur eru valdir til forystu. Á þessu skólaári er starfið leitt af öflugri forystu sem segist leitast við að virkja sem flesta. Nemendum til aðstoðar eru félagslífsfulltrúi og forvarnafulltrúi sem einnig eru tengiliðir nemendafélagsins við skólann. Stjórnendur skólans fara yfir allt efni sem nemendafélagið gefur út. Skólinn sér einnig um að upplýsa foreldra ólöggráða nemenda um þá viðburði sem fram fara á vegum skólans og töldu þeir foreldrar sem rætt var við að vel væri að því staðið.

Fyrirkomulag við val á fulltrúum í nefndir nemendafélagsins þarf að endurskoða. Valið fer þannig fram að nemendur bjóða sig fram í þær nefndir sem þeir hafa áhuga á og er kosið í nefndirnar að vori. Nemendur geta síðan að hausti sótt um að komast í þær nefndir sem þeir hafa áhuga á. Kjörnu fulltrúarnir velja úr hópi umsækjanda í sína nefnd en þeim er uppálagt að velja alltaf einhverja umsækjendur úr hópi nýnema. Þetta fyrirkomulag getur leitt til þess að kjörnu fulltrúarnir velji með sér þá nemendur sem þeir

þekkja öðrum fremur. Nemendur gagnrýndu þetta fyrirkomulag og töldu það draga úr áhuga nemenda á að sækjast eftir þátttöku í nefndum.

Starfsfólkið sagði foreldra gjarnan taka virkan þátt í námi sinna barna og að í ýmsum tilfellum væri mjög náið samstarf foreldra og starfsmanna skólans svo sem á starfsbrautinni. Hins vegar hefðu foreldrar takmarkaðan áhuga á þátttöku í foreldrafélagi (foreldraráði) skólans. Það hefur gert stjórnendum erfitt um vik að vinna með foreldrafélaginu. Ljóst er að skólinn þarf að leita fleiri leiða til að virkja foreldra til þátttöku í foreldraráði og öðru starfi tengdu stefnumótun og stjórnun.

Foreldrar fá upplýsingar um skólastarfið á fundum sem haldnir eru að hausti fyrir nýnema og foreldra þeirra. Síðan eru sendir tölvupóstar til foreldra ólöggráða nemenda t.d. um félagsstarf á vegum skólans og einnig eru þeir hvattir til að nota INNU sem upplýsingamiðil. Eitt foreldri lýsti ánægju sinni með að foreldrar gætu fengið upplýsingar um það hvort finna mætti nöfn ólöggráða barna þeirra á lista yfir þá sem hafa skráð sig í „edrupottinn“ svokallaða í tengslum við skólaböll. Kennarar eru með ákveðna viðtalstíma en þeir eru nánast ekkert notaðir enda senda foreldrar frekar tölvupóst þegar þeim hentar vilji þeir hafa samband við kennara.

Skólinn á gott samstarf við grunnskóla á Reykjanesi og atvinnulífið á svæðinu. Atvinnulífið hefur metnað fyrir hönd skólans og hefur styrkt námið með ýmsum hætti. Samstarf við háskóla er takmarkað en það gæti styrkt starfsemi skólans að vera í markvissu samstarfi við háskólasamfélagið.

Í skólanum er unnið að verkefnum sem styrkja samband skólans við nærumhverfið. Má þar nefna slaufusölu nemenda í endurvinnsluáfangi í textílnámi þar sem andvirði slaufanna var gefið Krabbameinsfélagi Suðurnesja. Sú hefð hefur einnig myndast að nemar í trésmíði og málmíðgreinum smíða í sameiningu leikföng. Leikföngin eru síðan færð börnum á leikskólum í nágrenninu.

Styrkleikar

- Skólabragur er jákvæður sem t.d. birtist í samhentum starfsmannahóp sem á opin og hreinskiptin samskipti og nemendum sem líður vel í skólanum.
- Samskipti starfsfólks og nemenda einkennast af jákvæðni og virðingu.
- Aðgengi að stoðþjónustu er gott.
- Góð tengsl eru við grunnskóla á svæðinu.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf ferli við val í nefndir á vegum nemendafélags skólans með lýðræði að leiðarljósi.
- Leita þarf nýrra leiða til að virkja foreldra til þátttöku í foreldrafélaginu (foreldraráði).

Umfjöllun um húsnaði og aðbúnað

Allt skólahúsnaði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnaði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnaðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Skólahúsnaði FS er að stofni til frá 1976 en byggt hefur verið við það fjórum sinnum. Það vakti athygli matsmanna hve vel er búið að starfsemi skólans, sérstaklega þegar tekið er mið af því hversu fjölbreytt nám þar fer fram. Ýmsar námsleiðir sem standa nemendum til boða þurfa sérhæfða og plássfreka aðstöðu t.a.m. verkstæði fyrir húsasmíði, málmíðngreinar og rafvirkjun. Þá er í skólanum aðstaða til verklegrar kennslu í hársnyrtiiðn, sjúkraliðanámi og vélstjórn. Að auki hafa listgreinar sína aðstöðu svo og tölvufræðin og starfsbrautin. Gott bóka- og gagnasafn er í skólanum með samliggjandi vinnu- og lesaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur góða aðstöðu til kennslu í íþróttum í nálægum íþróttahúsum.

Skólahúsnaði FS er aðlaðandi og snyrtillegt og sjá má verk eftir nemendur á göngum sem gefur húsakynnum líflegan blæ. Ekki verður betur séð en að vel sé gengið um skólann. Það sem helst var talið vanta þegar um var rætt í rýnihópum var aðstaða fyrir nemendafélagið og stærra íveru- eða samkomurými fyrir alla nemendur. Skólinn hefur vakið athygli á þörfinni fyrir stærra nemendaráými í skólanefnd og með erindi um málið í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Skólinn tók við rekstri mötuneytisins við upphaf yfirstandandi skólaárs. Almenn ánægja er með mötuneytið og ekki síst það að nú er eldað á staðnum en áður var maturinn aðkeyptur.

Styrkleikar

- Skólinn er snyrtilægur og hlýlegur.
- Umgengni er góð.
- Tölvubúnaður skólans er góður.
- Aðgangur er að góðri íþróttaaðstöðu.

Tækifæri til umbóta

- Þörf er á stærra rými þar sem flestir nemendur skólans geta komið saman.
- Aðstöðu vantar fyrir nemendafélag skólans.

Umfjöllun um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur sett sér mælanleg markmið tengd ýmsum þáttum skólastarfsins. Brotthvarf er einn þeirra þátta sem skólinn hefur kosið að leggja mat á og fylgjast með. Vorið 2016 fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að sporna gegn brotthvarfi. Styrkurinn gaf skólanum svigrúm til að ráða sálfræðing í hálf starf og verkefnastjóra í hálf starf til viðbótar við aðra þjónustu sem fyrir er í skólanum. Fyrir liggur að í lok skólaársins verður lagt mat á árangur þessa inngrips. Áherslan kemur til af því að skólinn hefur mælt brotthvarf reglulega og sett sér það markmið að það fari ekki yfir 10% en á vorönn 2015 var það 10,3%. Vorið 2016 var brotthvarf 6,5% sem gefur von um að markmið skólans muni nást. Í gögnum skólans kemur fram að hlutfall nemenda sem nær að útskrifast er lægra en skólinn telur ásættanlegt og er því lagður metnaður í að leita leiða til að hækka hlutfall þeirra sem útskrifast.

Einn af styrkleikum skólans er að leitast er við að mæta kröfum og þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Suðurnes hafa gengið í gegnum ýmsar breytingar og áföll á undanförunum árum. Atvinnuleysi var til að mynda mikið þar fyrir nokkrum árum, ekki síst meðal ungmenna. Þá var kapp lagt á að opna skólann fyrir þeim sem misst höfðu vinnuna. Skólinn lagaði sig þannig að umtalsverðri og skyndilegri fjölgun nemenda til hagsbóta fyrir marga sem fengu nýtt tækifæri til náms. Annað lítið dæmi er að í kjölfar hrunsins var ákveðið að bjóða nemendum frían hafragrat og lýsi, siður sem fleiri skólar tóku síðar upp.

Í dag er lögð rík áhersla á að skapa fjölbreytt tækifæri til náms í FS fyrir nemendur með mismunandi þarfir og ólík áform svo þeir hverfi ekki frá námi. Sem dæmi má nefna stutta starfsnámið sem tekur fjórar annir. Því er m.a. ætlað að mæta nemendum sem hentar betur að áhersla sé lögð á verklegt nám en bóklegt. Stuttu námsbrautirnar taka einnig mið af þeim atvinnutækifærum sem eru í boði á svæðinu eins og störfum tengdum ferðaþjónustu. Annað nýlegt dæmi um áherslu á fjölbreytni er skólaeldhús sem nú stendur til að taka í notkun. Það er einkum hugsað fyrir starfsbrautarnemendur og nemendur sem hafa takmarkaðan áhuga á bóknámi. Með þeirri aðstöðu verður unnt að auka enn fjölbreytni bæði verkefna og kennsluaðferða í skólanum. Nærtækt er að ætla að nemendur sjái skýran tilgang með því að öðlast grunnfærni í störfum tengdum matseld og framreiðslu.

Skólinn hefur ekki kannað með formlegum hætti hvernig námið nýtist brautskráðum nemendum. Í skólaheimsóknum og samtölum við hlutaðeigandi kom fram að málið hefur verið rætt óformlega. Var í því sambandi vísað í góðan árangur tilgreindra nemenda sem fólk þekkti til. Einnig kom fram að í kennarahópnum eru fyrrum nemendur við skólann sem vísuðu í þessu samhengi til eigin reynslu eða félaga sinna sem stunduðu nám með þeim í FS. Einnig var bent á að árangur iðnnema sem ljúka

sveinsprófum gefi skýra vísbendingu um hvernig námið hafi reynst þeim og þar með um gæði námsins. Þar sem ekki liggja fyrir niðurstöður athugana á árangri nemenda á næsta skólastigi eða í atvinnulífi er fullyrðingu númer 77 ósvarað af hálfu matsmanna.

Matsmenn telja sig ekki hafa nægilegar forsendur til að leggja mat á það hvort nemendur FS hafi tileinkað sér þá færni í grunnþáttum menntunar sem settir eru fram í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 (fullyrðingar 70-75). Hins vegar má ætla að sjálfsmat skólans á þessum þáttum gefi vísbendingar um stöðuna þótt hún hafi ekki verið könnuð með skipulögðum hætti.

Styrkleikar

- Skólinn leitast við að laga sig að kröfum og þörfum samfélagsins á hverjum tíma.
- Það sýnir styrk skólans að hátt hlutfall nemenda sem lýkur grunnskólanámi á Suðurnesjum kys að sækja um skólavist í FS.
- Í sjálfsmati skólans koma fram þættir sem mældir eru reglulega og eru áherslur mælinganna í samræmi við markmið skólans og viðmið hans um árangur.

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf hvernig skólinn mætir áherslum grunnþátta menntunar sem fram koma í aðalnámskrá 2011.
- Skólinn gæti sett sér að kanna afdrif útskrifaðra nemenda og þar sem námslok eru fjölbreytt þyrfti slík athugun að hafa vítt sjónarhorn og skýr markmið.

Heimildir og tilvísanir

Inngangur og almennar upplýsingar

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Fjölbautaskóla Suðurnesja (ígildi skólanámskrár).
- Sjálfsmatsskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja, haustönn 2016.
- Ársskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2015.
- Skólasamningur 2016-2020, Fjölbautaskóli Suðurnesja og mennta- og menningarmálaráðuneyti, drög.
- Viðauki við skólasamning fyrir árin 2016-2018 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbautaskóla Suðurnesja, drög.
- Skólaskýrsla 2015-2016.
- Áætlun um sjálfsmat

Matsþættir og rökstuðningur við niðurstöður

Stjórnun og skipulag

- Sjálfsmatsskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja, haustönn 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks, stjórn nemendafélags.
- Viðtöl við foreldra og formann skólanefndar.
- Skólaskýrsla 2015-2016.
- Áætlun um sjálfsmat.

Kennsla og námsframboð

- Sjálfsmatsskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja, haustönn 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks, stjórn nemendafélags.
- Viðtöl við foreldra og formann skólanefndar.
- Skólaskýrsla 2015-2016.

Samskipti og líðan

- Sjálfsmatsskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja, haustönn 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks, stjórn nemendafélags.
- Viðtöl við foreldra og formann skólanefndar.
- Skólaskýrsla 2015-2016.

Húsnæði og aðbúnaður

- Sjálfsmatsskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja, haustönn 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks, stjórn nemendafélags.
- Viðtal við formann skólanefndar.

Lykilárangur

- Sjálfsmatsskýrsla Fjölbautaskóla Suðurnesja, haustönn 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks, stjórn nemendafélags.
- Skólaskýrsla 2015-2016.

- Viðtal við formann skólanefndar.